

Sýnatökuferð í Kröflu 1981-08-05 - 09 og 17  
- 25

Halldór Ármannsson, Gunnlaug Einarsdóttir

Greinargerð HÁ-GE-81/04

Sýnatökuferð í Kröflu 1981-08-05 -09 og 17 -25

Tekin voru sýni úr holum KG-8, KJ-16(2), KJ-15, KJ-9, KJ-7, KJ-13, KG-12, KJ-14.

Allar þessar holur, nema KG-8 og KG-12, voru aflmældar, og hola KJ-11 að auki. Helstu niðurstöður eru í meðfylgjandi töflu. Um holurnar er þetta helst að segja.

KG-8. Stútur reyndist óhæfur til Pc mælingar og þarf að skipta. Efnasamsetning virðist óbreytt.

KJ-16. Afl hennar er lítið, en sú gufa, sem fæst virðist góð, þ.e. ekki er vart neinna kvikuáhrifa. Virðist það gefa vonir um, að gufa í suðurhlíðum Kröflu sé vel nýtanleg og því ekki ástæða til mikillar svartsýni um svæðið enn. E.t.v. mætti reyna að dæla enn meiru köldu vatni á þessa holu til að athuga, hvort ekki er unnt að fá hana til að gefa meira.

KJ-15. Ekki varð vart vatns úr hljóðdeyfislögn, en styrkur Na í gufunni bendir til þess, að í henni sé 2-4% raki. Að öðru leyti virðist holan óbreytt og gas er þar í engum rénum.

KJ-9. Afl bendir ekki til stíflunar enn. Efnasamsetning er svipuð og áður.

KJ-7. Litlar breytingar hafa orðið.

KJ-13. Þessi hola hefur kólnað mikið (Ho:2234 1981-07-16), og er vatnið, sem úr henni kemur, biksvart.

KG-12. Þessi hola virðist mjög aflvana, og reyndist ekki unnt að ná blendumælingu þar sem ekki mældist þrýstingur um P<sub>2</sub> krana. Við vinnslu hafði holan kólnað og var komin niður í vatnsmettun, er hún var tekin út. Hún er hins vegar þurr við núverandi blástursaðstæður. Athugandi væri að lóða hana og huga að hreinsunarmöguleikum.

1981-08-27

---

KJ-14. Afl virtist minnka jafnt og þétt, úr  $G_7 = 13,3$ , 1981-08-15 í  $G_7 = 11,9$ , 1981-08-25. Ganga mætti úr skugga um, hvort nokkuð þrengir að Pc útblæstri. Gæti það valdið of lágum mælingum. Þessi skyndi-minnkun er óeðlileg. Gas hefur heldur aukist frá fyrra ári. E.t.v. hefur hitastig rennslis aðalæðar hækkað lítils háttar.

Í þessari ferð voru, auk reglulegra sýna, tekin sýni fyrir eftirfarandi aðila til eftirtalinna greininga. Í töflunni er sýnt með bókstafseinkennunum hver fékk sýni hvaðan.

- A: H.Sakai o.fl., Japan. Sýni til ísotópagreininga v/samvinnuverkefnis Orkustofnunar og Raunvísindastofnunar H.Í. við japanskar stofnanir.
- B: Sigurður R. Gíslason. Tók sýni v/verkefnis, sem hann vinnur um samskipti vatns og bergs við Baltimorháskóla, U.S.A.
- C: R.K.O'Nions og E.R.Oxburgh, Cambridge, England. Sýni til  $He^3/He^4$  greininga v/samvinnuverkefni Orkustofnunar og Norrænu Eldfjalla-stöðvarinnar við Cambridge. Varða þær möguleika á könnun varma-streymis með mælingu  $He^3/He^4$ .
- D: Árný E. Sveinbjörnsdóttir, East Anglia háskóla, Norwich, Englandi. Sýni til  $^2H$  og  $^{18}O$  ísotópagreininga.
- E: Orkustofnun. Sýni til kvikasílfursgreininga.

Unnið var við meðburðarmælingar með Matthíasi Matthíassyni og Valdimar Kr. Jónssyni og koma niðurstöður þeirra fram í sérstakri greinargerð.

1981-08-25

Halldór Ármannsson

Gunnlaug Einarsdóttir.

Hóla nr	Sýni nr	Dags	Po bar	Vatnsfasi			Gufufasi		HO kJ/kg	QT kg/sek	Gufa 1 bar kg/sek	Gufa 7 bar kg/sek	Önnur 2) Sýnataka
				pH/°C	CO <sub>2</sub> <sup>1)</sup>	H <sub>2</sub> S <sup>1)</sup>	SiO <sub>2</sub> <sup>1)</sup>	Gas% CO <sub>2</sub> <sup>1)</sup>					
KG-8	1062	81-08-16	1,4	9,75/26,2	45,6	37,1	390						A,B,C,D,E
KJ-15 <sup>3)</sup>	1063	81-08-18	9,1	4,70/20,4	1192	79,0	6,1	6,5	63449	1221	2676	3,9	A,B,C,D,E
KJ-9 <sup>4)</sup>	1064	81-08-19	6,8	7,55/25	180	35,4	507	0,64	6048	343	1005	40,3	B,D,E
KJ-7	1065	81-08-19	7,3	6,75/24,5	276	36,7	682	2,1	19939	636	1762	4,8	B,D
KJ-13	1066	81-08-20	3,1	9,15/24,2	128	29,6	912	0,93	8938	422	1877 <sup>5)</sup>	4,7	B,D
KG-12 <sup>4)</sup>	1067	81-08-20	4,5	4,45/25	1217	200	6,1	1,5	13738	1458			B,D
KJ-14	1068	81-08-21	12,8	7,55/24,4	193	44,9	725	2,0	19414	411	2663	12,9	B,D
KJ-16	1051	81-08-08	6,2	7,07/25	196	54,4	567	1,2	11512	775	1509	9,3	A,B,C,D,E
KJ-16	1069	81-08-21	6,6	8,70/23,6	158	53,7	589	1,2	11811	723	1653	7,8	A,B,C,D,E
KJ-14		81-08-25									2663	12,2	
KJ-16		81-08-25									1667	7,5	
KJ-11		81-08-20									2075	4,7	

1) mg/kg

2) Bókstafsmerkingar skilgreindar

i texta

3) Öllu safnað í einu lagi, Na: 4,94 ppm

4) " " " " " , Na: 0,14 ppm

5) Mælt 1981-08-15